

# 295. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MIDVIKUDAGUR 28. ÁGÚST 2019 KL. 15:10  
AUKAFUNDUR

haldinn í safnaðarheimili Háteigskirkju, Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Aukakirkjuþing 2019 - þingsályktun
- 3) Önnur mál

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti fund kl. 15:10. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík og Stefán Magnússon. Svana Helen Björnsdóttir boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

---

## 2. AUKAKIRKJUÞING 2019 - ÁLYKTUN

---

Aukakirkjuþing verður sett í Háteigskirkju klukkan 16 í dag. Viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófaste, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998 er þar lagður fram til afgreiðslu.

Biskup Íslands lagði fram drög að þingsályktun um ofangreindan viðbótarsamning, ásamt greinargerð og fylgigögnum.

Kirkjuráð samþykkti að leggja fram þingsályktunina ásamt biskupi.

Stefán Magnússon kirkjuráðsmaður óskaði að bókað yrði að hann væri ekki fylgjandi ofangreindri samþykkt.

---

## 3. ÖNNUR MÁL

---

Ekkert undir þessum lið.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:51.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson  
biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Svana Helen Björnsdóttir

---

Stefán Magnússon